



**Helena Guðlaug Bjarnadóttir** hóf söngnám við Tónlistarskólann á Akureyri árið 1999 og lauk framhaldsprófi vorið 2004. Kennarar hennar á þessum árum voru Michael Jón Clarke, Sigríður Elliðadóttir og Sigríður Aðalsteinsdóttir. Hún söng ýmis hlutverk í uppfærslum söngdeildar skólans, m.a. í Hans og Grétu eftir E. Humperdinck, Dido og Aeneas eftir H. Purcell og Töfraflautunni eftir W. A. Mozart. Helena hefur komið fram við ýmis tækifæri sem einsöngvari, m.a. með Hymnodiu–Kammerkór Akureyrarkirkju, Kirkjukór Dalvíkur, Karlakór Akureyrar Geysi og hjá Tónlistarfélagi Akureyrar. Helena hefur starfað við Tónlistarskólann á Akureyri frá árinu 1999 við píanókennslu og undirleik.